



Fjölbrautarskóli Snæfellinga

Fundargerð 51. fundar skólanefndar.

Dagsetning: þriðjudagur 7. september 2010.

Viðstaddir: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Jón Eggert Bragason, Pétur Ingi Guðmundsson, Sigríður Finsen, Magnús Þór Jónsson, Björg Ágústsdóttir, Ólína Bj. Kristinsdóttir, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Davíð Magnússon áheyrnarfulltrúi nemenda, Guðfinna Hrefna Arnórsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldrafélags og Guðrún Jóna Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Skólameistari setti fund og bauð fundargesti velkomna. Formaður skólanefndar Kjartan Páll var endurkosinn samhljóða.

1. Nýir starfsmenn FSN og mötuneyti

Alls voru fjórir nýir kennarar ráðnir, þrír án réttinda og einn með réttindi. Að auki var einn þroskajálfi ráðinn á sérdeild í stað stuðningsfulltrúa. Starfsmannavelta hefur verið frekar há. Nýr rekstraraðili tók við mötuneyti nú í haust, Kaffi 59.

2. Hópaviðmið og kennslumagn

Sérstakur samningur var í gangi milli FSN og Kennarasambands Íslands. Þessi sérstaki samningur passaði mjög vel að hugmyndafræði skólans og gerði það að verkum að hægt var að kenna litlum hópum fyrir lægri upphæð. Stórir hópar voru að sama skapi dýrari fyrir skólann en miðlægir samningar og fjárframlög miðuðu við. Samningurinn var á milli skólameistara og Kennarasambands Íslands. Þessum samningum hefur nú verið sagt upp og er nú greitt fyrir kennslu hér með hefðbundnum hætti. Kennarar fá nú greitt jafn mikið fyrir lítinn hóp og stóran hóp. Miðað við kennslumagn á haustönn 2010 getur þessi hagræðing sparað rúmlega eina kennarastöðu á ári.

3. Nemendafjöldi haustið 2010

Heildarfjöldi nemenda í FSN haustið 2009 var 279. Heildarfjöldi nemenda í FSN haustið 2010 er 218. Aðsókn nemenda úr grunnskólum á Snæfellsnesi er minni en verið hefur. Ástæður fyrir því að nemendur kusu að fara eitthvað annað virðast vera mjög mismunandi.

4. Grunnskólanemendur

Því miður er ekki hægt að verða við kennslu grunnskólanema í haust eins og verið hefur. Á Tálknafirði eru kennarar að starfa eftir kennsluáætlun kennara hér og munu nemendur taka stöðupróf sem verður metið inn í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Greinarnar sem kenndar eru á Tálknafirði eru stærðfræði, enska og þýska. Þessi aðferð mun einnig verða notuð í Snæfellsbæ, þá líklegast í ensku og þýsku.

5. Framhaldsdeildin á Patreksfirði



Fjölbrautarskóli Snæfellinga

Samningur um framhaldsdeildina á Patreksfirði rennur út í maí 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið vinnur að úttekt á framhaldsdeildinni. Erfiðara gengur að þjónusta eldri nemendur það er að segja nemendur á þriðja og fjórða ári í deildinni á Patreksfirði. Búið er að fækka um eina ferð haustönn 2010 en nemendur verða degi lengur í hvert skipti. Loknar einingar á Patreksfirði hafa verið mjög ásættanlegar og mjög gott starf er unnið þar. Því miður virðist deildin kosta töluvert meira en fjárframlög gera ráð fyrir sem er óásættanlegt.

6. Skólaakstur

Skólameistari samdi tímabundið við Hópferðamiðstöð meðan unnið er að betri lausn á skólaakstri í FSN. Samið var til 1. október 2010. Verið er að bíða eftir fundi með ráðherra þar sem fulltrúar skólans og bæjarstjórar munu mæta á. Björg hefur verið að skoða lögin og þær forsendur sem löggjöfin byggir á. Erindi frá FSN og sveitastjórum liggur hjá ráðherra. Komist var að þeirri niðurstöðu að Björg myndi fara á umræddan fund fyrir hönd skólanefndar.

7. Fjölgun fastra tíma í stundatöflum

Þrjú fastir tímar eru í töflu í stað tveggja tíma. Allir kennarar skólans lýstu ánægju sinni með þessa breytingu. Nemendur eru að fá þéttari stundatöflu, en nú eru 6 fastir verkefnatímar í töflu, þó nemendur þurfi bara að mæta í 4. Árekstrar í töflu eru hvítleitt vandamál en til að koma í veg fyrir þá þyrfti að bæta klukkustundum við töfluna en það er ekki á dagskránni að svo stöddu.

8. Námskrárvinna, stúdentsbrautir og brautir til framhaldsskólaprófs

Unnið er að undirbúningi að námskrá sem hægt yrði að innrita eftir haustið 2011. Ráðuneytið hefur gefið út heimild til allra skóla á landinu til að fresta gildistöku laganna til 2015. Námskrárvinnan í FSN miðast við að bjóða upp á nám til stúdentsprófs á tveimur brautum, þar sem nemendur hefðu möguleika á mismunandi samsetningu náms. Pétur sagði frá hugmyndum að öryggis- og þjónustubraut sem er í smíðum, en skólinn fékk styrk frá ráðuneytinu til að þróa hana. Pétur Ingi mun leiða vinnu við þróun þessarar brautar.

9. Starfsandinn

Starfsandinn í FSN er mjög góður þetta haustið. Góður vinnuandi er í húsinu.

10. Rekstrarfé

Rekstrarfé er ekki að berast reglulega og þarf að berjast fyrir því að fá fjárframlög í hverjum mánuði.



Fjölbrotarskóli Snæfellinga

11. Önnur mál

Berglind, Hrafnhildur og Sólrún hafa skrifað grein um SNÆ- verkefnið sem mun birtast í Netlu, vef tímariti um menntarannsóknir, á næstunni. Þær kynntu verkefnið einnig á haustráðstefnu samtaka áhugafólks um skólaþróun í ágúst sl. Þær hafa einnig verið að kynna leiðsagnarmat víða um land og hafa verið með námskeið fyrir kennara í ýmsum skólum. Þær stefna að því að skrifa líka grein um leiðsagnarmat sem verður vonandi tilbúin 2011.

- Sólrún sótti um styrk til að taka þátt í Comeniusar verkefni sem hún fékk. Comenius er samstarfsverkefni með 10 öðrum löndum.
- Þarf ef til vill að búa til siðareglur FSN?
- Böll í FSN.

Fundi slitið kl. 18:30.